

## Fundargerð

22. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 30. nóvember 2012 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

**Mætt:** Árni Sigfússon formaður, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Róbert Ragnasson, Sigrún Árnadóttir, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri.  
Gunnar Ellert Geirsson boðaði forföll.

### Dagskrá:

1. Tilnefning í stjórn Markaðsstofu Suðurnesja.
2. Ímynd Suðurnesja - Lokaskýrsla.
3. Samantekt á menntastofunum á Suðurnesjum, skýrsla.
4. Haftengd starfsemi á Suðurnesjum – Codland.
5. Atvinnuleysistöflur.
6. Verkefnastaða Heklunnar.
7. Önnur mál.

#### 1. mál Tilnefning í stjórn Markaðsstofu Suðurnesja

Fram kom sameiginleg tillaga um Róbert Ragnarsson og Berglindi Kristinsdóttur og var hún samþykkt.

#### 2. mál Ímynd Suðurnesja – lokaskýrsla

Lokaskýrsla afhent. Skýrslan verður send til sveitarstjórna á Suðurnesjum og vísað til umræðu undir Markaðsstofu.

#### 3. mál Samantekt á menntastofnunum á Suðurnesjum

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu. Óskað var eftir að fá verkefnastjóra menntamálaráðuneytis á fund til að gera grein fyrir þeirri vinnu sem hefur farið fram og meta árangur.

#### 4. mál Haftengd starfsemi á Suðurnesjum – Codland

Óli Örn Eiríksson frá Kadeco kynnti verkefnið. Kadeco mun óska eftir umsögnum frá sveitarfélögum og boða kynningarfundur.

#### 5. mál Atvinnuleysistöflur

Atvinnulausir á Suðurnesjum í nóvember eru samtals 1049 eða 8,9% miðað við 5,2% á landsvísu skv. tölum frá Vinnumálastofnun og Starf ehf. Atvinnulausir í október 2011 voru 11,5% en 8,9% í október 2012.

#### 6. mál Verkefnastaða Heklunnar

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnastöðu Heklunnar.

#### 7. mál Önnur mál

-Ákveðið að óska eftir því að Runólfur Ágústsson kynni verkefnið Vinna og virkni.

-Stjórn Heklunnar lýsir yfir ánægju með að lausn er fundin hjá bæjarstjórn Voga varðandi raflínulagnir á Suðurnesjum.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.*